



ÞEKKINGARSETUR SUÐURNESJA
Suðurnes Science and Learning Center

Skýrsla stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja fyrir starfsárið 2024

Ég býð ykkur velkomin til 13. ársfundar sjálfseignarstofnunarinnar Þekkingarseturs Suðurnesja sem haldinn er í dag 28. maí 2025. Hér verður gerð grein fyrir starfsemi setursins árið 2024.

Breytingar urðu á stjórn Þekkingarsetursins á árinu, aðal- og varafulltrúar Keilis, Nanna Kristjana Traustadóttir og Sigrún Svafa Ólafsdóttir, létu af störfum og í stað þeirra stað komu þær Berglind Kristjánsdóttir aðalfulltrúi og Gísli Hólmar Jóhannesson varafulltrúi. Rögnvaldur Ólafsson, varafulltrúi í stjórn fyrir Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum lést á síðasta ári. Eitt af hans mörgu verkefnum var að stuðla að stofnun Þekkingarsetursins og sat hann í stjórn þess frá upphafi. Stjórnin vottar fjölskyldu Rögnvaldar innilega samúð vegna fráfalls hans. Í hans stað kom inn Sæunn Stefánsdóttir. Ég vil þakka þeim sem létu af störfum fyrir mikið og gott samstarf.

Stjórn Þekkingarseturs Suðurnesja er þá skipuð þannig í ár;

Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir, fulltrúi
Suðurnesjabæjar og stjórnarformaður

Guðmundur Grétar Karlsson, skipaður af
Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum

Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi
Rannsóknarseturs HÍ á Suðurnesjum

Berglind Kristjánsdóttir, fulltrúi Keilis

Sindri Gíslason, skipaður af Náttúrustofu
Suðvesturlands

Varamenn í stjórn eru eftirfarandi:

Einar Jón Pálsson

Þorvaldur Örn Árnason

Sæunn Stefánsdóttir

Gísli Hólmar Jóhannesson

Guðrún Kristín Ragnarsdóttir

Forstöðukona setursins er Hanna María Kristjánsdóttir

Stjórnin fundaði fimm sinnum á árinu auk ársfundar.

Þekkingarsetur Suðurnesja var stofnað 1. apríl 2012 og að því standa öll sveitarfélögin á Suðurnesjum, Náttúrustofa Suðvesturlands, Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum og Keilir. Gerður var samningur við mennta,- og menningarmálaráðuneytið sem nú heitir Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið. Samningar voru endurnýjaðir og framlengdir í stuttan tíma í senn. Það var mjög svo ánægjulegt að á síðasta ári eða í desember sl. var gerður alveg nýr samningur við ráðuneytið sem hljóðaði uppá 34 milljónir króna fyrir árið 2025 og því ber að fagna. Helstu markmið þekkingarsetursins snúa að rannsóknum og þróun, háskólaþjónustu og nýsköpun skv. nýja samningnum.

Rannsóknir og þróun

Náttúrustofa Suðvesturlands og Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum eru megin stoðstofnanir þekkingarsetursins og sjá að miklu leyti um rannsóknarhluta þess. Mikið og gott samstarf er á milli þessara stofnana. Áherslusviðin voru sem fyrr, fuglafræði, sjávarlíffræði og eiturefnavistfræði.

Náttúrustofa Suðvesturlands kemur að fjölbreyttum verkefnum en megináhersla er lögð á fugla- og sjávarrannsóknir (fjöru og grunnsjávarlíf) enda er stofan einstaklega vel staðsett til slíkra rannsókna. Á Náttúrustofunni er miðstöð fræða framandi sjávarlífvera á Íslandi, þar er haldið utan um útbreiðslu allra þekktra framandi sjávarlífvera við Ísland og jafnframt lögð stund á metnaðarfullt rannsóknastarf í þessum fræðum. Forstöðumaður Náttúrustofu Suðvesturlands er Dr. Sindri Gíslason.

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum stunda rannsóknir á sviði eiturefnavistfræði og sjávarlíffæði. Áherslur rannsókna eru áhrif mengandi efna á sjávarlífverur á norðurslóðum í samstarfi við innlenda og erlenda vísindamenn og framhaldsnema. Skoðuð eru áhrif ýmissa efna á krækling, öðuskel og krabbadýr með notkun líffræðilegra mælikvarða og notagildi aðferðarinnar við umhverfisvöktun. Rannsóknasetur HÍ hefur umsjón með söfnun kræklinga vegna árlegrar mengunarvöktunar á landsvísu að beiðni Umhverfisstofnunar og hélt áfram rannsóknum á mengun í íslenskum höfnum.

Starfsmenn Rannsóknasetursins eru í vinnuhópum á vegum ICES og AMAP er lúta að áhrifum mengandi efna á sjávarlífverur og umfangi plastmengunar á norðurslóðum, en margir af fremstu vísindamönnum Evrópu á þessu sviði eru þátttakendur í þeim samstarfshópum. Starfsmenn

setursins sóttu fund ICES vinnuhópsins í Portúgal í apríl en þessi aðild setursins er afar mikilvægur hluti alþjóðlegs samstarfs Íslands um mengun sjávar á norðlægum slóðum (ICES/OSPAR).

Rannsóknasetrið hefur umsjón með Sæmundi fróða RE, rannsóknabáti Háskóla Íslands, og nýttist hann við ýmis rannsókn-, kennslu- og þjónustuverkefni. Meðal verkefna á árinu má nefna sýnatökur í Hvalfirði og á Sundunum við Reykjavík í samstarfi með Hafrannsóknastofnun og vísindafólki á vegum verkefnisins Carbon to Sea Initiative, botnsýnatökur í Faxaflóa vegna rannsókna á örplastmengun í samstarfi með Umhverfisstofnun, áframhaldandi krabbaveiðiferðir og sjóferðir með líffræðinema vegna kennslu við HÍ. Forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurnesjum er Dr. Halldór Pálmar Halldórsson.

Stærra blautrými Þekkingarsetursins var notað af fiskeldisfyrirtækinu Benchmark Genetics til ræktunar hrognkelsa. Leigusamningur hefur nú verið framlengdur og er ótímabundinn. Þegar fyrirtækið hóf starfsemi í setrinu byggði það upp viðbótaraðstöðu í geymslurými Þekkingarsetursins, og bætti við nýrri borholu, sem á eftir að koma sér vel við komandi rannsóknir í Þekkingarsetrinu. Minna blautrými setursins hefur verið lítið notað undanfarið. Það kom sér þó vel þegar rýma þurfti Grindavíkurbæ vegna jarðhræringa því síðan þá hafa sæeyru haft búsetu þar, en loka þurfti húsnæði fyrirtækisins Aurora Abalone sem er með framleiðslu á sæeyrum í Grindavík. Unnið er að uppbyggingu nýrrar aðstöðu fyrirtækisins á Reykjanesi og voru sæeyrun flutt þangað um síðustu áramóti.

Þekkingarsetrið og stoðstofnanir þess eru aðilar að rannsóknasamtökunum INTERACT (International Network for Terrestrial Research and Monitoring in the Arctic). Verkefnið er fjármagnað með styrk úr Horizon 2020 sjóði Evrópusambandsins. INTERACT III hófst í janúar 2020 og átti að standa yfir til ársloka 2023. Vegna Covid og þeirra áhrifa sem stríðið í Úkraínu hafði á verkefnið var sótt um framlengingu sem var samþykkt af Evrópusambandinu. Verkefninu lauk því ekki fyrr en í lok árs 2024 og ein viðbótarúthlutun styrkja fór fram í byrjun ársins. Sölvi Rúnar Vignisson, líffræðingur hjá setrinu, tók að sér að hlutverk í matsnefnd INTERACT vegna þeirrar úthlutunar og sótti fund matsnefndarinnar í febrúar en hann var haldinn í Kaupmannahöfn. Þekkingarsetrið var búið að fullnýta þá daga sem því hafði verið úthlutað vegna INTERACT verkefna en fékk 56 daga til viðbótar sem nýttir voru sumarið 2024 af tveimur hópum vísindamanna.

Verkefni, fræðsla og samstarf

Í rannsóknarstöð Þekkingarsetursins er áhersla lögð á fuglarannsóknir sem snúa meðal annars að því að svara brýnum spurningum er varða far, lýðfræði og vernd farfugla. Íslenski tjaldurinn er þar í aðalhlutverki. Tjaldurinn er mjög ákjósanlegt viðfangsefni þeirra rannsókna því að stofninn er samsettur af bæði farfuglum og staðfuglum. Líffræðingurinn Sölvi Rúnar Vignisson hefur umsjón með rannsókninni. Til viðbótar sinnir Sölvi ýmsum rannsóknum og þjónustuverkefnum, og tekur þátt í sumum af rannsóknum Náttúrustofu og Rannsóknarseturs HÍ.

Mörg verkefni rata inn á borð Þekkingarsetursins með stuttum fyrirvara svo sem þekkingarleit tengd náttúru í nærumhverfi Suðurnesjabæjar og á Reykjanesi öllu. Það hafa komið fyrirspurnir frá Háskólum og menntaskólum tengdar Rosmhvalanesinu. Eitt verkefni sem sótt hefur þekkingu um fjörur og hryggleysingja landsins er vefur sem heitir Fjörulíf, en vefurinn hefur það markmið að hafa lífríki íslenskra fjara aðgengilegt fyrir öll skólastig og fyrir alla þá sem hafa áhuga á að kynna sér lífheim fjaranna.

Hér í Þekkingarsetrinu er fjórar áhugaverðar sýningar sem setrið hefur umsjón með fyrir Suðurnesjabæ. Sýningin „Heimskautin Heilla“ sem fjallar um ævi og störf franska vísindamannsins Jean-Baptiste Charcot hefur staðið hér í setrinu í um 18 ár. Sýningin er samstarfsverkefni Suðurnesjabæjar, Háskóla Íslands, Þekkingarsetursins og fjölskyldu Charcot. Náttúrugripasýning er hér í aðal þar sem finna má lifandi sjávardýr og rannsóknaraðstöðu fyrir börn sem nýta má í skólakennslu og hefur „nýjasti starfsmaðurinn“ Fróðleiksfúsi haft þar veigamikil hlutverk í því að kynna dýrin með myndum og hljóðum, á íslensku og pólsku. Á neðri hæð má svo finna sýninguna „Huldir heimar hafsins – Ljós þangálfanna“ eftir Katrínu Þorvaldsdóttir, Eydísi Mary Jónsdóttir og samstarfsfólk þeirra. Einnig má þar sjá ljósmyndasýningu um sögu hússins frá frystihúsi til rannsóknastöðvar. Sú sýning hefur nú verið tekin niður vegna breytinga á rýminu en hún verður í staðinn aðgengileg á rafrænu formi á vefsíðu setursins.

Þekkingarsetrið hefur frá árinu 2015 séð um skipulagningu og framkvæmd starfsgreinakynningar fyrir nemendur í 8. og 10. bekkjum á Suðurnesjum, fyrir hönd Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS). Mikil ánægja hefur verið með þessa kynningu meðal nemenda, skóla og atvinnurekenda á svæðinu. Á síðasta ári voru um 110 starfsgreinar kynntar og voru á bilinu 800-900 nemendur úr grunnskólum og um 100 til viðbótar frá FS, Keili og MSS sem sóttu kynninguna.

Þekkingarsetrið er í góðum samskiptum við Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Fisktækniskóla Íslands, Geocamp - GeoSchool, Keili og leik- og grunnskóla á svæðinu enda koma margir þeirra með nemendur sína í heimsókn í setrið á hverju ári. Þekkingarsetrið veitir einum útskriftarnemanda frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í náttúrufræðigreinum að hausti og vori. Sömuleiðis fær einn útskriftarnemandi frá Grunnskólanum í Sandgerði viðurkenningu að vori.

Þekkingarsetrið er aðili að Fab Lab Suðurnesja og er aðstaða þess í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Fab Lab er stafræn smiðja með tækjum og tólum til að búa til nánast hvað sem er. Smiðjan veitir einstaklingum og fyrirtækjum tækifæri til að þjálfa sköpunargáfuna og hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd með því að hanna, móta og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni. Einnig er setrið aðili að Reykjanes UNESCO Global Geopark, Markaðsstofu Reykjanes og sjávarklasnum á Suðurnesjum. Á síðasta ári sóttu hingað í Þekkingarsetrið um 1.500 gestir og tæplega þúsund nemendur heimsóttu sýningar setursins og fjölgar þeim gjarnan frá ári til árs sem er mjög ánægjulegt.

Þekkingarsetrið er í góðum tengslum við önnur þekkingarsetur á landinu. Samtök þekkingarsetra (SPS) voru stofnuð í apríl 2020 og sat forstöðumaður í stjórn þeirra frá stofnun fram að ársfundi 2021. Á ársfundi síðasta árs sem haldinn var af Háskólafélagi Suðurlands á Selfossi, var aftur komið að forstöðumanni Þekkingarsetursins til að taka sæti í stjórn. Frá þeim fundi hafa verið starfræktir mennta- og rannsóknarhópar á vegum samtakanna með fulltrúum allra þekkingasetranna. Daníel Hjálmtýsson, verkefnisstjóri hjá Þekkingarsetri Suðurnesja var valinn í hlutverk formanns hóps og ritara og var í fyrra unnið að gæluverkefni sem kallast SPÍRA. SPÍRA er hugmynd að fjarskóla sem yrði samstarfsverkefni setranna (SPS), ýmissa skólastiga og ríkis sem dæmi.

Starfsmannahald, fjármál og styrkir

Á síðasta starfsári störfuðu 3 starfsmenn í Þekkingarsetrinu í 2,7 stöðugildum mestan hluta ársin og yfir sumarið var einn sumarstarfsmaður í fullu starfi og annar í hlutastarfi. Í dag starfa enn 3 starfmenn og í sumar verður sama fyrirkomulag og í fyrra. Hanna María forstöðukona setursins var í leyfi í um 6 mánuði og á meðan starfaði Ægi Karl Ægisson hér sem forstöðumaður þar til hún kom aftur snemma árs 2024. Stjórn Þekkingarsetursins samþykkti rekstraráætlun fyrir árið 2024 á fundi sínum í nóvember 2023. Áætlaðar tekjur fyrir árið 2024 voru rúmar 51 milljónir og útgjöld

tæpar 58 milljónir, rekstrarhalli því um 7 milljónir. Rúm 50% teknanna koma frá ríkissjóði eða tæpar 28 milljónir króna skv. áætluninni. Gaman er að segja frá því að rauntölur urðu talsvert betri með rúmlega 11 milljóna króna hagnaði og hlutdeild ríkis aðeins um 38%. Suðurnesjabær kemur til móts við Þekkingarsetrið varðandi viðhald húsnæðis og rekstur sýninga. Aðrar tekjur koma frá styrkjum, leigu á aðstöðu, aðgangseyri og útseldum verkefnum.

Þess má einnig geta að Þekkingarsetrið fékk þrjá góða styrki á árinu 2024. Styrkir frá Uppbyggingasjóði Suðurnesja að upphæð 1.500.000.- Menningarsjóði Suðurnesjabæjar að upphæð 200.000.- og Samfélagssjóði HS Orku að upphæð 200.000 kr.-.

Að lokum vil ég fyrir hönd stjórnarinnar þakka ykkur öllum fyrir gott samstarf á síðasta ári og hlakka til að fylgjast áfram með starfinu hér í Þekkingarsetrinu.

Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir

Stjórnarformaður